



Hafnarfjarðarbær  
Guðrún Ágústa Guðmundsdóttir, bæjarstjóri  
Strandgötu 6  
220 HAFNARFIRÐI

MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ  
Sölvhólsgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068  
postur@mrm.is · menntamálaráðuneyti.is

Reykjavík 22. maí 2014  
Tilv.: MMR13040326/12.10.2


Mennta- og menningarmálaráðuneyti tilkynnir yður hér með að það hefur að vel ígrunduðu máli ákveðið að falla frá frekari vinnu við gerð samnings um starfsemi Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói veturinn 2014-15.

Ráðuneytið telur að mikil eftirsjá sé af bíóinu og samspili þess við þær metnaðarfullu dagskrár sem Kvikmyndasafnið hefur staðið fyrir þar. Einnig hvarmar ráðuneytið að ekki skyldi reynast unnt að fylgja eftir þeirri framtíðarsýn sem safnið kynnti ráðuneytinu í byrjun þessa árs fyrir hönd bíósins og sýningarhaldsins þar, sem hafði verið unnin í samráði við fulltrúa Hafnarfjarðarbæjar. Telur ráðuneytið farsælast í þeirri stöðu sem upp er komin að Hafnarfjarðarbær verði óbundinn af samningi vegna safnsins á meðan gerð er tilraun um nýtt rekstrarform fyrir Bæjarbíó. Ráðuneytið leggur jafnframt til að aðilar sammælist um að hefja viðræður á ný eigi síðar en í mars 2015 með það í huga að meta hvort ástæða væri til að taka upp þráðinn á ný um mögulega sýningardagskrá Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói veturinn 2015-16.

Það skal jafnframt tekið fram að jafnvel þótt tekist hefði að ljúka samningum um áframhald sýninga Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói hefði safnið ekki verið í stakk búíð að standa fyrir sýningum næsta vetur á þeirri metnaðarfullu dagskrá (*Gullöldin, kvikmyndahúsin í Hafnarfirði 100 ára og 70 ára*) sem fyrirhuguð hafði verið veturinn 2014-15. Undirbúningi þeirrar dagskrár, sem hófst á liðnu hausti, var ýtt til hliðar í vetur vegna þeirrar óvissu sem skapast hafði í samningamálum um sýningarhald safnsins, auk þess sem þróun var rofin í starfsemi safnsins sem m.a. fólst í áætlunum um þjálfun nýs sýningamanns, viðhaldi og viðgerðum á sýningarbúnaði o.fl.


Í kjölfar þessarar ákvörðunar mun ráðuneytið beina því til Kvikmyndasafnsins að það leggi aukna áherslu á að sinna öðrum lögbundnum skyldum sínum. Jafnframt verða aðrar leiðir kannaðar til að koma safnkosti þess á framfæri við landsmenn.


Ráðuneytið leggur til að sýningartjald Kvikmyndasafnsins í Bæjarbíói verði látið standa óhreyft meðan á breyttri starfsemi stendur, enda má ætla að umgengni við það sé nauðsynlegur hluti af þeirri tilraun með annan rekstur í húsinu, sem fyrirhuguð er. Verði niðurstaðan hins vegar sú að ári liðnu að Kvikmyndasafnið eigi ekki afturkvæmt í húsið ber ráðuneytinu og Hafnarfjarðarbæ að gera með sér samning um meðferð á eignum safnsins í bíóinu og hugsanlega meta framlag þess til endurgerðar hússins til verðs og gjalda. Bærinn eða rekstraraðili verða hins vegar að taka yfir rekstur

	Hafnarfjarðarbær
Innk:	26.5.2014
Málsnr:	11021243
Bréfal:	262-2

öryggiskerfisins o.fl. um leið og safnið skilar lyklum sínum nú um mánaðarmótin og gera Ríkiskaupum verðtilboð í búnaðinn. Sýningarvélarnar, sem eru eign safnsins og einungis á færi fagmanna að stjórna, verða teknar úr sambandi en myndvarpinn fjarlægður.

Vegna þeirrar niðurstöðu sem hér hefur verið lýst er lagt til að gefin verði út sameiginleg yfirlýsing Hafnarfjarðarbæjar og ráðuneytisins um málið. Meðfylgjandi eru drög að slíkri yfirlýsingu.

  
Illugi Gunnarsson

  
Ásta Magnúsdóttir

Fylgiskj.: Drög að sameiginlegri yfirlýsingu mennta- og menningarmálaráðuneytis og Hafnarfjarðarbæjar vegna málsins.

## SAMEIGINLEG YFIRLÝSING

### MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ OG HAFNARFJARÐARBÆJAR

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Hafnarfjarðarbær hafa komist að þeirri sameiginlegu niðurstöðu í kjölfar ítarlegra viðræðna um framtíðarhlutverk og rekstur Bæjarbíós að gert verði hlé á sýningarstarfi Kvikmyndasafns Íslands í bíóinu til að skapa svigrúm fyrir Hafnarfjarðarbæ til að gera tilraun með nýtt rekstrarform fyrir bíóið sem miði að því að efla starfsemi þess með fjölbreyttu menningarstarfi í samstarfi við nýjan rekstraraðila.

Hafnarfjörður hefur í samningum við rekstraraðilann, Menningar- og listafjelag Hafnarfjarðar, skilgreint hið nýja rekstrarfyrirkomulag sem tilraun til eins árs. Ráðuneytið og Hafnarfjarðarbær hafa því sammælt um að kanna á ný forsendur fyrir framhaldi sýninga á vegum Kvikmyndasafns Íslands í Bæjarbíói að ári liðnu. Þá verður komin nokkur reynsla á hið nýja rekstrarform og framkvæmd hugmynda hins nýja rekstraraðila um starfsemi í húsinu og hægt verður að meta hvort að sýningahald á vegum safnsins geti orðið virkur þáttur í starfsemi í Bæjarbíói að nýju.

Kvikmyndasafn Íslands mun nýta tímann til að sinna öðrum aðkallandi lögbundnum skyldum sínum og hrinda í framkvæmd nýjum hugmyndum til að koma safnkosti sínum á framfæri við landsmenn eftir 18 ár í Bæjarbíói í Hafnarfirði.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kvikmyndasafn Íslands þakka Hafnarfjarðarbæ fyrir gott og giftusamt samstarf um starfsemi safnsins allt frá 1997 en þá tók Kvikmyndasafn Íslands við húsnæði Bæjarbíós og hóf endurbætur þess í samvinnu við Hafnarfjarðarbæ og ráðuneytið og síðan reglulegar sýningar á völdum kvikmyndum frá 2001.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Kvikmyndasafn Íslands óska Menningar- og listafjelagi Hafnarfjarðar, nýjum rekstraraðila Bæjarbíós, velfarnaðar í starfi.

22. maí 2014.